



Reykjavík, 2. júlí 2020
R20060270
6631
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Dunhagi, Hjarðarhagi og Tómasarhagi - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. júlí 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld leggja fram nýja tillögu að skipulagslýsingu fyrir Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga. Einnig er lögð fram umsókn THG Arkitekta um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhagi 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni elst m.a. niðurrif og uppbygging á loð nr. 18-20 við Dunhaga. Andmæli við fyrirhugaðar breytingar hafa verið miklar og djúpstæðar og kemur fram að andmælendur hafa tvívegis unnið mál fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Auglýsing að skipulagslýsingu var ekki send hagsmunaaðilum á skipulagsreitnum. Eftir því sem skipulagsyfirvöld segja nú hafa eigendur fengið frest og umbeðinn aukafrest til að skila athugasemdum. Komi frekari ábendingar og athugasemdir eftir auglýsingu er það von fulltrúa Flokks fólksins að tekið verði vel í þær og þeim mætt eins og framast er unnt.

Helga Björk Laxdal
e.u.